

# Myndlistarráð

## Fundur nr. 16/2024

Mánudagur 8. janúar, 2024  
kl. 15:00  
Gimli, Lækjargata 3, 101 Reykjavík

Mætt eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM) og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri MM.

### Fundargerð:

- Fundargerðir síðustu funda
  - Fundargerð frá 13. nóvember 2023 samþykkt.
  - Fundargerð frá 8. desember 2023 samþykkt.
- Íslensku myndlistarverðlaunin 2024
  - Ásdís upplýsir ráðið um vinnu dómnefndar sem búin er að eiga sér stað. Dómnefnd ákvarðar sem fyrr tilnefningar og handhafa verðlaunanna myndlistarmaður ársins og hvatningarverðlaun en velur auk þess í fyrsta skipti endurlit ársins, samsýningu ársins og viðurkenningu fyrir útgáfu. En það val var áður í höndum Myndlistarráðs. Dómnefnd hefur fundað oft síðustu vikur og komist að samkomulagi. Ferlið tók lengri tíma en áður sökum þess að dómnefnd þarf að velja fleiri handhafa. Rætt um hvort það séu mögulegir árekstrar milli dómnefndar og myndlistarráðs varðandi vals á heiðursverðlaunarhafa og endurliti ársins. Ráðið telur ekki svo vera.
  - Tinna greinir frá fyrirkomulagi varðandi útgáfu og lengd á texta fyrir kynningarferli og útgáfu. Skil á texta er þriðjudaginn 23. janúar, þá hefst prófarkarlestur og þýðing. Í kjölfarið fer efnið í umbrot.
  - Rætt almennt um viðburðinn og ákveðið að taka betur fyrir á næsta fundi.
  - Ákveðið einnig að taka fyrir skipun í dómnefnd fyrir 2025 á næsta fundi.
- Fjárhagsáætlun 2024
  - Rætt um forsendur fjárhagsáætlunar og einstaka liði. Í fjárlögum er áætluð fjárheimild upp á 94,2 milljónir króna fyrir myndlistarsjóð. Inn í þeirri tölu er síðasti hluti sérstaks viðbótarframlags vegna Covid-19. Grunnupphæð sjóðsins hefur verið hækkuð um ríflega 20 milljónir króna.
  - Helstu hækkunar í umsýslugjaldi til Myndlistarmiðstöðvar eru launakostnaður og vísitöluhækkunar, gert ráð fyrir 5% hækkun launa frá og með apríl, og vonir standa til um að miðstöðin flytjist í stærra húsnæði um mitt ár sem skýrir hærri áætlaðan kostnað í húsaleigu.
  - Fjárhagsáætlun er með fyrirvara um breytingar og mun uppfærast eftir því sem rekstrarforsendur skýrast þegar líður á árið.
  - Myndlistarráð ákveður að úthluta 40.000.000 kr. í fyrri umsóknarlotu myndlistarsjóðs 2024. Upphæð til úthlutunar í seinni umsóknarlotu verður ákveðin með vori.
- Myndlistarsjóður, fyrri úthlutun 2024
  - Tinna greinir frá því að búið sé að opna fyrir umsóknir í fyrri úthlutun. Umsóknarfrestur er mánudaginn 12. feb, kl. 16:00. Lítil breyting hefur verið á auglýsingu og eyðublaði frá því í fyrra en ný vefsíða hefur verið tekin í gagn. Formleg veffangs sjóðsins er áfram [www.myndlistarsjodur.is](http://www.myndlistarsjodur.is) en búið er að flytja allar upplýsingar undir síðu [www.icelandicartcenter.is/www.myndlistarmidstod.is](http://www.icelandicartcenter.is/www.myndlistarmidstod.is). Því miður hefur Origo ekki getað aðstoðað við að laga tæknilega atriði á umsóknareyðublaðinu varðandi kommur og punkta í reitum sem eru tölustafir og þarf því að yfirfara alla upphæðir handvirk. Eins er

staðfestingarpóstur ekki að berast öllum og ákveðið að senda staðfestingarpósta til allra gegnum póstforrit.

- Rætt um úthlutunarathöfn og fyrirkomulag á henni. Tinna mun taka betur fyrir á næsta fundi.

5. Önnur mál

- Tinna leggur fram samantekt um myndlistarsjóð árið 2023. Samantektin mun birtast í ársskýrslu Myndlistarmiðstöðvar sem kemur út seinna á árinu.
- Ásdís ræðir um hlutverk myndlistarráð og svigrúm ráðsins til að sinna sérverkefnum, m.a. með því að ráða utanaðkomandi aðila til að gera úttekt eða rannsókn. Ráðið ræðir um möguleg viðfangsefni og aðkallandi mál tengt myndlist sem mætti skoða nánar. Ákveðið að halda samtalinu gangandi á næstu fundum.

Fundi slitið 16:40

Næsti fundur haldinn fimmtudaginn 15. febrúar 2024 kl. 15:00.